

Reykjavík, 19. mars 1990.

Alþingi

Til sjávarútvegsnefndar Nd.


Erindi nr. P/12 1715
komudagur 2313 1990

Efni: Stjórn fiskveiða.

Þar sem ég hefi ekki möguleika að sitja fund nefndarinnar í dag, en vil stuðla að því að tími hennar nýtist sem best, óska ég eftir eftirfarandi;

- 1) Leitað verði álitis Lagastofnunar Háskóla Íslands, hvað varðar réttarfarsatriði frumvarpsins, sérstaklega með það í huga að nú nýverið voru sett lög um nýja skipan dómstóla í kjölfar þeirrar niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins, að dómsvaldið verði að vera óháð framkvæmdavaldinu. Í álitinu komi fram hvort mörk framkvæmda-, dóms- og löggjafarvalds skarist í frumvarpinu með þeim hætti, að það geti varðað við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins með einum eða öðrum hætti.
- 2) Frumvarpið verði sent eftirfarandi aðiljum til umsagnar; Verzlunarráð Íslands, Félag íslenskra stórkaupmanna, Vinnuveitendasamband Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, Hafnarsamband sveitarfélaga, Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Kveðja,


Hreggviður Jónsson